



## Reglur um úthlutun styrkja í lista- og menningarsjóð Norðurþings

### 1. gr.

Styrkveitingar fara fram á reglulegum fundum Fjölskylduráðs Norðurþings.

Reglur sjóðsins og umsóknareyðublað skulu vera aðgengilegar á vef Norðurþings og auglýsa skal sjóðinn sérstaklega í febrúar og september ár hvert. Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Norðurþingi hverju sinni sem og á vefsíðu sveitarfélagsins.

### 2. gr.

Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að menningarmálum og hafa eflingu menningarstarfs í Norðurþingi að markmiði sínu. Styrki má veita vegna einstakra verkefna eða viðburða sem æskilegt er að fari fram í Norðurþingi. Hámarksúthlutun úr sjóðnum er 100.000 kr. í hvert verkefni.

### 3. gr.

Fjölskylduráði er heimilt að gera samninga við stofnanir Norðurþings um framkvæmd afmarkaðra verkefna í þágu menningarmála.

### 4. gr.

Umsókn skal skila inn með því að fylla út rafrænt eyðublað á vefsíðu Norðurþings [hér](#) og er hún í kjölfarið yfirfarin af umsjónarmanni menningarmála í Norðurþingi. Umsóknir skulu vera staðfestar af forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk.

### 5. gr.

Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags og/eða það verkefni sem vinna skal að. Tilgreina skal í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um.

### 6. gr.

Styrki vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði. Þá skal staðfesta að viðburðurinn hafi farið fram með því að senda tilkynningu á umsjónarmann menningarmála í Norðurþingi.

## 7. gr.

Fjölskylduráð getur kallað umsækjendur á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur fjölskylduráð falið umsjónarmanni menningarmála að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.

Ef verkefni felur í sér samstarf með ungmennum skal umsóknaraðili skila inn sakavottorði fyrir alla ábyrgðaraðila sem koma að starfi/ þjálfun/kennslu eða öðrum samskiptum við ungmenni á einn eða annan hátt. Umsóknaraðili skal hafa siðareglur og viðbragðsáætlanir um agabrot, einelti, kynferðisofbeldi og ofbeldi af hvaða tagi sem er. Sé umsóknaraðili ekki með slíkt regluverk er mögulegt að taka upp viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins með skriflegum hætti.

[Viðbragðsáætlunina má nálgast hér:](#)

## 8. gr.

Fjölskylduráð getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Umsjónarmaður menningarmála skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja / samningsbundinna styrkja sé framfylgt.

## 9. gr.

Þegar samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins liggur fyrir skal fjölskylduráð ákvarða fasta fjárupphæð til viðhalds á eignum sjóðsins og smærri verkefna sem umsjónarmanni menningarmála er heimilt að styrkja.

Samþykkt á fundi fræðslu- og menningarnefndar 15. október 2014. Staðfest af bæjarstjórn 21. október 2014.

Reglur uppfærðar á 13. fundi fjölskylduráðs Norðurlþingis þann 19. nóvember 2018. Staðfest í sveitarstjórn 13. desember 2018.

Reglur uppfærðar á 126. fundi fjölskylduráðs Norðurlþingis þann 6. september 2022. Staðfest á 126. fundi sveitarstjórnar þann 22. september 2022

